

um þessum, hafi verið beitt við útreikning stóreignaskatts stefnanda. Reglur þessar virðast að vísu geta leitt til nokkurs ósamræmis um skattlagningu hinna einstöku félaga, en ekki verður það ósamræmi talið slíkt, að leiði til ógildingar þeirra. Með vísan til þessa og þar sem stefnandi hefur engin sérstök rök fært fram fyrir því, að öðrum reglum skuli beita, verður ekki unnt að taka kröfur hans til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500,00.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem dómari samkvæmt umboðsskjali, út gefnu af dómsmálaráðherra 25. nóvember 1952.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hamars h/f, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 1.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 13. febrúar 1954.

Nr. 87/1953. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

George Whitehouse Gill (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa komið fram nokkur ný gögn í málinu. M. a. hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, athugað staðarákvörðun varðskipsmanna kl. 18.50 hinn 8. maí 1953, og reyndist togari ákærða samkvæmt henni þá vera 1.5 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Þá hafa þeir Friðrik V. Ólafsson og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri látið uppi álit sitt á því, hvort togara ákærða hefði getað rekið 1.5 sjómílu inn fyrir fiskveiðitakmörkin frá kl. 18.20 til kl. 18.40 hinn 8. maí 1953. Telja þeir, „að ekki hafi getað verið um það að ræða, að skipið hafi borizt þessa leið

á umræddu tímabili vegna vinds, öldugangs eða straums.“ Með þessum athugasemdum og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, George Whitehouse Gill, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1953.

Ár 1953, mánudaginn 11. maí, var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómará og meðdómendunum Jónasi Jónassyni og Péttri Björnssyni skipstjórum, dómur í málinu nr. 1493/1953: Ákæruvaldið gegn George Whitehouse Gill, sem dómtekið var sama dag. Samkvæmt ákæruskjalinu er George Whitehouse Gill, 163, Boothferry Road, Hessle í Englandi, skipstjóri á togaranum Lord Cunningham, H. 69, frá Hull, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara föstudaginn 8. maí 1953 um kl. 18.00 vestur af Reykjanesi, innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lög nr. 81 8. desember 1952. Ákærist skipstjórinn til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 5 29. janúar

1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hull 15. ágúst 1919, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi sigldi það föstudaginn 8. þ. m. norður eftir fiskveiðitakmörkunum úti af Reykjanesi. Kl. 17.55 sást togari, sem reyndist vera Lord Cunningham, H. 69, á stjórnborða innan takmarkanna. Varðskipið sigldi til togarans, og kl. 18.31 dró það upp stöðvunarflagg. Kl. 18.34 sást togarinn taka inn vörpupokann stjórnborðs megin, eftir að hafa snúizt, og sáu þetta þrír stýrimenn varðskipisins auk skipherra. Kl. 18.37 skaut varðskipið aðvörunarskoti, og kl. 18.38 var numið staðar. Kl. 18.40 var sett út dufl við togarann, settur út bátur og skipstjóri togarans, ákærði í máli þessu, sóttur yfir í togarann og fluttur yfir í varðskipið. Kl. 18.50 gerðu I. og II. stýrimaður varðskipisins þessar staðarákvarðanir við duflið:

Vífilsfell

> 35° 18'

Karl

> 27° 50'

Eldey

Enn fremur mældist

Keilir

> 28° 04'

Karl

Dýpi mældist 115 metrar.

Samkvæmt þessum mælingum var staður togarans 1.5 sjómílu fyrir innan fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum. Ákærði gerði staðarákvarðanir með sextant um borð í varðskipinu kl. 18.58 og komst að mjög svipaðri niðurstöðu. Var hann síðan fluttur yfir í togarann ásamt tveimur varðmönnum frá varðskipinu, og héldu síðan bæði skipin hingað til hafnar. Hægviðri var, sjór NNV 2, skýjað, ágætt skyggni.

Staðarákvarðanirnar, sem að framan eru greindar, hafa I. og II. stýrimaður varðskipisins staðfest, og hefur ákærði viðurkennt, að þær séu réttar. Kveðst hann hafa gert staðarákvarðanir í varðskipinu með sextant kl. 18.58 og komið að mjög svipaðri niðurstöðu og varðskipsmenn. Er þannig enginn ágreiningur um stað togarans.

Ákærði skýrir þannig frá aðgerðum togarans, að hann hafi kastað vörpunni og farið að toga kl. 17.30 og þá engar miðanir gert. Síðan togaði hann í SSA, og kl. 18.00 tók hann misvísandi miðanir á Eldey og Stafnes, og var hin fyrrnefnda kompásmiðun, en hin síðarnefnda radiómiðun. Var þá stefnan á Stafnes ASA, en á Eldey SA. Í beinu framhaldi af þessum miðunum mældi ákærði með ratsjá fjarlægð togarans frá nefndum stöðum, og mældist honum fjarlægðin frá Eldey 17 sjómílu, en frá Stafnesi 17½ sjómíla. Af þessum mæl-

ingum réð ákærði, að staður togarans kl. 18.00 væri um 2 sjómílu utan fiskveiðitakmarkalínunnar. Eftir þetta gerði hann engar mælingar fyrr en um borð í varðskipinu. Þegar hann hafði gert staðarákvörðun sína kl. 18.00, breytti hann stefnu togarans til SSV, og í þá stefnu togaði hann til kl. 18.20, að hann dró inn vörpuna, og var aflinn í þessu togi 15—18 körfur fisks. Eftir að þessu togi lauk og þar til ákærði kveðst hafa ætlað að kasta vörpunni og byrja að toga að nýju, lá skipið kyrrt nema að því leyti sem það var hreyft til að koma vörpunni aftur þannig útbyrðis, að eigi væri hætta á, að veiðarfærin færu í skrúfunu. Þegar varðskipið kom að togaranum, kveðst ákærði hafa verið í þann veginn að kasta, og var lokið við að koma vörpunni útbyrðis, og var hún öll komin í sjó, en hlerar voru enn í gálgu, og er þetta staðfest af stýrimanni og bátsmanni togarans. Hefur ákærði haldið því fram, að frá því er hann dró inn vörpuna kl. 18.20 og þar til aðvörunarskotinu var skotið kl. 18.37, hafi straumur borið togarann hliðhallt að landi, og gizkar hann á, að við þetta hafi togarinn færzt $2\frac{1}{4}$ — $2\frac{1}{2}$ sjómílu nær landi. Um straum á þessum slóðum í þetta skipti hafa skipherra og I. stýrimaður varðskipsins upplýst, að hann hafi verið lítill, en eigi er þeim ljóst, í hvaða stefnu hann lá. Samkvæmt framansögðu heldur ákærði því fram, að hann hafi ekki togað inn fyrir fiskveiðitakmarkalínuna, en viðurkennir hins vegar að hafa ætlað að kasta vörpunni og toga á þeim stað, sem hann var stöðvaður á, þ. e. a. s. 1.5 sjómílu innan takmarkanna, og að hafa verið búinn að kasta vörpunni í sjó í þessu skyni.

Skipherra varðskipsins skýrir svo frá, að kl. 18.34 hafi hann og þrír stýrimenn varðskipsins verið á stjórnpalli varðskipsins, en þá var varðskipið að sigla að togaranum bakborðs megin. Kveðst hann þá hafa séð togarann taka inn vörpupokann og að í honum var eitthvað af fiski. Hann sá pokann skella inn á þilfar togarans, og fór þetta fram eins og svo oft áður, þegar hann hefur séð vörpupoka tekna um borð í togara. Meðan þetta gerðist, voru vörpuhlerarnir í gálgu. Stýrimenn varðskipsins, þrír, hafa skýrt svo frá, að þegar varðskipið var að sigla að togaranum bakborðs megin, hafi þeir allir horft í sjónauka yfir á togarann og séð, að vörpupokinn var dreginn upp yfir stjórnbörðsöldustokk togarans. Tveir þeirra tóku ekki eftir fiski í pokanum, en einn hefur ekki um þetta atriði borið.

Þegar skipin höfðu numið staðar, fóru varðskipsmenn yfir í togarann til að sækja ákærða. Enginn þeirra aðgætti þá verksummerki varðandi aðgerðir togarans nema hásetinn Björgvin Kristinn Hannesson. Hann fór út í stjórnbörðshlið togarans og sá, að vörpuhlerarnir voru í gálgu utan borðs og varpan í sjó, en áhöfn togarans var að innbyrða hana. Ekki tók hann eftir, hvort fiskur var í vörpunni. Lítið eitt af óaðgerðum fiski sá hann á frambilfarinu, og virtist hann mjög nýlega veiddur. III. stýrimaður varðskipsins og Þorbjörn Aðalbjörnsson háseti, sem voru á verði í togaranum á leiðinni

til hafnar, sáu óaðgerðan fisk á þilfari togarans, og virtist þeim hann einnig nýlega veiddur. Enginn varðskipsmanna hefur um það borið, hvort fiskur var í vörpupokanum, þegar hann var dreginn inn, að því þó undanteknu, að skipherrann kveðst hafa séð af stjórn-palli varðskipisins, að eitthvað af fiski hafi verið í honum.

Öll framangreind vitni nema Þorbjörn Aðalbjörnsson hafa staðfest skýrslur sínar með eiði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er sannað, að verið var að draga upp vörpupoka togarans, þegar varðskipið var að sigla að honum, og verður það að teljast sönnun þess, að togarinn hafi verið þarna að veiðum. Enn fremur hefur ákærði samkvæmt framansögðu játað að hafa ekki hreyft skip sitt, frá því að hann dró inn vörpuna kl. 18.20 og þar til aðvörunarskotinu var skotið og skipin námu staðar, nema vegna þess að hann var að kasta vörpunni. Lítur dómurinn svo á, að ágizkun ákærða um, að togarann hafi á þessu tímabili rekið til lands $2\frac{1}{4}$ — $2\frac{1}{2}$ sjómílu, sé fjarri öllum sanni og að óhugsandi sé, að togarann hafi á þessum stutta tíma rekið á þennan stað utan fyrir fiskveiðitakmarkalínuna, eins og straumi og veðri var háttað. En jafnvel þó að skýrsla ákærða sjálfs um aðgerðir togarans væri tekin til greina að öllu leyti, ber að sama brunni, því að ákærði kannast við að hafa verið nýbúinn að kasta vörpunni í sjó, þegar skipin námu staðar, og að það hafi hann gert sem byrjunaraðgerð að togveiðum, en þessi aðgerð ákærða telst veiðiaðgerð í skilningi laga nr. 5/1920.

Hefur ákærði því gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjalinu eru greind, og þykir refsing hans með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Lord Cunninghams, H. 69, vera upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Ákærði, George Whitehouse Gill, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Lord Cunninghams, H. 69, skulu vera upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Lárusar Fjeldsteds hrl., kr. 1.500,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.